



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 24. apríl 2018 á Kjávöllum.

6. fundur

Fundur hófst kl. 17:30

Mættir: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Lárus Finnbogason, Sverrir Einarsson, Auður Stefánsdóttir og Magnús Benediktsson framkv.stj.

Ragna Emilsdóttir, Sigurður Tyrfingsson, Hermann Vilmundarson boðuðu forföll.

Á þessum 6. fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Fundargerðir síðasta stjórnarfundar samþykkt.
2. Áhugamannadeildinni er lokið. Aðsókn var vonum framar og framkvæmd gekk í alla staði vel. Allir viðburðir fóru fram í Samskipahöllinni.
3. Blue Lagoon deildin gekk einnig vonum framar. Henni lýkur 06. maí. Framkvæmd keppinnar gekk vel og hestakostur góður. Það er ljóst að unga fólkið er að undirbúa sig af miklum krafti fyrir komandi keppnistímabil sem fer að ganga í hönd utanhúss.
4. Allir þrír vetrarleikar vetrarins fyrir skuldlausu félagsmenn Spetts hafa nú verið haldnir. Þátttaka var góð í vetur.
5. Firmakeppnin fór fram á Sumardaginn fyrsta. Margir góðir gæðingar liðu um brautina og félagsmenn fjölmenntu til þátttöku. Yngstu börnin voru sérstaklega dugleg að mæta og stóðu sig vel.
6. Heyrúllum þarf að beina að rúllustæði þar sem engin hættar stafar af. Hugsanlega þarf að gera minniháttar breytingu á skipulagi hverfisins þar sem mön eða skjólbelti heldur utan um svæðið. Bæði Garðabær og Kópavogur koma að þessu skipulagi. Stefnt er að því að ný staðsetning og það svæði verði klárt fyrir næsta vetur á varanlegum stað.
7. Búið er að funda bæði með Garðabæ og Kópavogi utan þessara hefðbundnu fundi Stjórnar. Þar hafa fulltrúar félagsins kynnt helstu kostnaðarliði og tekjuhlíð félagsins. Vilyrði gefið af

hálfu beggja sveitarfélaga fyrir hækkun á framlögum. Margt er framundan sem kallar á aukin útgjöld og ekki síst í að koma svæðinu í gott horf fyrir komandi mót og Landsmót 2022. Við fundum fyrir miklum velvilja frá báðum sveitarfélögum í að gera svæðið gott. Mikið spurt um uppbyggingarstarf félagsins og hverjar raunverulegar þarfir eru. Sveitafélögin átta sig á því að starfið er keyrt að mjög miklu leiti á sjálfbærastarfi. Settur verður á laggirnar stýrihópur til að undirbúa Landsmót 2022. Fulltrúar beggja sveitarfélaga munu verða í nefndinni ásamt fulltrúum Spretts. Stefnt er að þriggja ára plani svo svæðið verði komið í endanlegt stand ári áður en landsmót gengur í garð.

8. Félagið hefur fengið 50 fm skála gefins frá Sprettsfélögum Hermanní Arasyni og Valdimari Grímssyni sem reka fyrirtækið Húsvirkja. Húsið er hægt að nýta í margskonar tilgangi vegna mótahalds og einnig til veitingasölu þegar viðburðir standa yfir á Sprettsvæðinu. Skálanum verður komið vel fyrir á varanlegum stað á svæðinu.
9. Dagur Íslenska Hestins er 01. maí. Hann verður kynntur vel á næstu dögum og dagskrá sett upp í Samskipahöllinni. Þar verður létt sýning, grillaðar pylsur og svaladrykkir. Opið fyrir alla og fjölbreytt skemmtun í boði. Mikið er lagt uppúr því að fá hinn almenna reiðmann á sýninguna, fjölskyldur og áhugamenn um íslenska hestinn.
10. Stefnt er að því að bera á beitarhólfín á svæðinu á næstu dögum. Hólfín verða auglýst fljótlega og menn sækja um. Vægt gjald verður tekið fyrir leigu á hólfunum.
11. Búið er að ráða Heklu Katarínu Kristinsdóttur sem reiðkennara og þjálfara fyrir þau börn, unglínga og ungmenni sem ætla að taka þátt í úrtöku fyrir Landsmót. Það er mikill fengur fyrir félagið að fá menntaðan reiðkennara til að styðja við unga fólkið.
12. Beiðni um undanþágu fyrir Íslandsmót barna og ungmenna er til skoðunar hjá stjórn LH. Bíðum svara.
13. Framundan eru margir viðburðir svo sem Íþróttamót barna og fullorðinna, Gæðingamót og úrtaka fyrir Landsmót, Áhugamannamót WOW og fleira.

Fundi slitið kl. 18:45 Fundargerð ritaði Auður Stefánsdóttir